

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2008

Í dag verða birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2008 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 56,7 ma.kr. á fyrsta fjórðungi ársins sem er talsvert lægra en á síðasta fjórðungi. Talsvert minni halli þáttatekna og á þjónustujöfnuði skýra þessa breytingu að mestu en aukinn halli af vöruviðskiptum vegur nokkuð á móti. Ávöxtun erlends hlutafjár í eigu Íslendinga veldur mestu um að jöfnuður þáttatekna batnaði á milli fjórðunga. Nokkur hækkun varð einnig á gjaldahlið þáttateknanna sem skýrist að mestu leyti af endurfjárfestum hagnaði erlendra aðila á Íslandi. Lækkun á gengi krónunnar á fyrsta ársfjórðungi hefur veruleg áhrif á flesta liði í uppgjöri greiðslujafnaðarins.

Hreint fjárinnstreymi nam 135,3 ma.kr. á tímabilinu. Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis jókst um 36 ma.kr. en á síðasta fjórðungi 2007 dróst hún saman um 275 ma.kr. Bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi dróst saman og sama máli gegndi um fjárfestingu þeirra í innlendum markaðsskuldabréfum.

Skekkiuliður í ársfjórðungsuppgjörinu er fremur stór en vonir standa til að hann minnki eftir því sem nánari upplýsingar verða tiltækar. Reynsla Seðlabankans er sú að neikvæður skekkjuliður skýrist oftast af vanmati á fjármagnshreyfingum, þótt hitt þekkist einnig að síðar berist nákvæmari upplýsingar um breytingar viðskipta og tímasetningu þeirra.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 2.211 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs og versnaði um 628 ma.kr. á ársfjórðungnum.² Þessi þróun stafar einkum af veikingu gengis krónunnar, þ.e. hækkun á verði erlendra gjaldmiðla um 29,6% samkvæmt gengisskráningarvísitölu sem endurspeglast í samsvarandi hækkun stöðutalna um erlendar eignir og skuldir. Einstakar myntir, t.a.m. evra hækkðu þó talsvert meira eða um tæplega 33%. Erlendar eignir námu 7.758 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 9.970 ma.kr.

Taflan sýnir ársfjórðungslegan greiðslujöfnuð þjóðarbúsins við útlönd í milljörðum króna á gengi hvers tíma

	2007-1	2007-2	2007-3	2007-4	2008-1
Viðskiptajöfnuður	-31,5	-48,5	-29,1	-90,6	-56,7
Útflutningur vöru og þjónustu	109,2	106,1	105,9	128,3	112,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-130,9	-146,8	-143,0	-159,4	-147,6
Þáttatekjur og framlög, nettó	-9,7	-7,8	8,1	-59,6	-21,3
Fjármagnsjöfnuður	-109,0	116,9	62,2	100,5	135,3
Fjármagnshreyfingar án forða	-108,8	115,0	68,9	103,9	142,3
Erlendar eignir, nettó	-643,1	-643,6	-483,2	-571,2	112,3
Erlendar skuldir, nettó	534,3	758,6	552,1	675,1	30,0
Gjaldeyrisforði (- aukning)	0,1	2,5	-6,2	-3,1	-6,5
Skekkiur og vantalið nettó	140,5	-68,3	-33,2	-9,8	-78,5

Nánari upplýsingar veitir Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri upplýsingasviðs í síma 569-9600.

² Í grein Daníels Svavarssonar í *Peningamálum* 2008/1 var leitast við að meta markaðsvirði beinnar fjárfestingar og áhrif þess á reiknaða hreina stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum í lok 3. ársfjórðungs 2007. Þessi greining hefur enn ekki verið endurtekin en ljóst er þó að niðurstöður yrðu allfrábrugðnar nú þar sem markaðsverð á erlendum mörkuðum hefur lækkað um 15-20% á þeim tíma sem liðinn er frá viðmiðunartíma Daníels og sennilegt er að markaðsvirði stærstu eigna erlendra aðila héraendis hafi fremur hækkað en hitt.